

Námið er ætlað hinum almenna hestamanni sem vill á markvissan og skipulegan hátt auka færni sína á flestum þeim sviðum sem varða íslenska reiðhestinn. Námið er byggt upp sem röð af helgarnámskeiðum þar sem nemendur koma með sinn hest og taka fyrir ákveðinn hluta af reiðmennskunni. Bóklegur hluti fer fram í gegnum fjarnámsvef skólans. Hér er því um sambland af staðarnámi og fjarnámi að ræða þar sem ætlast er til að nemendur undirbúi sig bæði í verklegum og bóklegum atriðum heima.

Náminu er skipt upp í eftirfarandi áfanga og einingar:

1. Hestamennska (8 ECVET)
2. Reiðmennska I og II (17 ECVET)
3. Keppni og kynbætur (8 ECVET)

Námið er metið til samtals 33 ECVET-eininga á framhaldsskólastigi og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Slík einingagjöf metur þá heildarvinnu sem ætlast er til að nemendur leggi fram og er háð því að nemendur hafi sótt 90% verklegra tíma í staðarnámi og standist námsmat. Að baki hvernar einingar er gert ráð fyrir 3 heilum vinnudögum nemandans, hvort sem um er að ræða fyrirlestra, verklega tíma eða heimanám. Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

Náminu er skipt niður á fjórar námsannir. Á hverri önn er gert ráð fyrir að nemendur mæti í staðarnám fjórar helgar, eða einu sinni í hverjum mánuði frá september og fram í apríl. Það nám verður bæði á formi bóklegar og verklegrar kennslu, þar sem nemendur vinna með eigið hross. Námsmat fer fram í lok hvernar annar. Gert er ráð fyrir að nemendur verji 1,5-3 dögum í mánuði, allt eftir áföngum, í bóklegt heimanám með stuðningi fjarnáms og við verklega þjálfun hrossins. Reiðhross verða því að vera á húsi á meðan náminu stendur.

Verkefnisstjóri námsins er **Ásdís Helga Bjarnadóttir** hjá Endurmenntun Lbhí, hún veitir einnig allar nánari upplýsingar. Faglegir umsjónarmenn námsins eru **Reynir Aðalsteinsson** tamningameistari og **Þorvaldur Kristjánsson** kynbótadómari, sérfræðingar hjá Lbhí. Sjá einnig heimasíðuna www.lbhi.is/namskeid - Reiðmaðurinn.

Endurmenntun Lbhí
Hvanneyri ~ 311 Borgarnes
www.lbhi.is/namskeid
endurmenntun@lbhi.is ~ s: 433 5000



Reiðmaðurinn

Námskeiðsröð fyrir áhugafólk um reiðmennsku

Endurmenntun Lbhí, í samvinnu við Landsamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda, opnar nú fyrir nýja námshópa í áfangaskipt tveggja ára nám í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi.

Veturinn 2010-2012 er námið boðið fram á Héraði, Akureyri, Borgarnesi, Hafnarfirði og Flúðum.

Umsóknafrestur
6. ágúst 2010



Íþrótt, menning, lífsstíll





Áfangalýsing:

Með fyrirvara um breytingar.

1. HESTAMENNSKA (8 ECVET)

Þessi áfangi fjallar um flest sem varðar hestinn og hestamennsku almennt, uppruna hestsins, byggingu, atferli, umhirðu og umgengni. Einnig fjallar hann um gangtegundir, ásetu og grunnreiðmennsku með lágmarks ábendingum þar sem einungis er farið fram á að knapinn stjórni hraða og stefnu.

2. REIÐMENNSKA (17 ECVET)

Í þessu námskeiði er farið ítarlega í sjálfa reiðlistina og nemendur eiga að hafa það gott jafnvægi og ásetu að þeir geti farið að hafa meiri áhrif á hestinn. Nemendur eiga að vera í stakk búnir til að taka upp gott og sanngjarnt taumsamband við hestinn, hafa áhrif á yfirlínu hans og móta höfuðburð. Nemendur læra m.a. að beita samverkandi ábendingum, ríða gangskiptingar og setja hestinn í gott jafnvægi; samspora, safnaðan og vel undirbúinn undir gott tölt. Nemendum er kennt að ríða æfingar sem gera hestinn hæfari til að afkasta sínum hæfileikum og að forgangsraða æfingum, gangtegundum og þjálfun. Lögð er áhersla á vinnu við hendi þar sem allar æfingar eru kenndar og undirbúnar fyrir frekari útfærslu í reið. Í þessum áfanga eru ríðnar allar gangtegundir nema skeið; brokk og tölt á þeim hraða sem hentar hestinum og einnig hægra og vinstra stökk. Nemendur nota lóðréttu og hálflettu ásetu, ásamt stígandi ásetu. Áfanginn tekur einnig á helstu sjúkdómum hestsins, hófhirðu og járningum. Einnig er farið í kynbætur hrossa og íslensk hrossarækt kynnt.



3. KEPPNI OG KYNBÆTUR (8 ECVET)

Meginmarkmið áfangans er að gera nemendur hæfari til að vinna með mismunandi gangtegundir og beita erfiðari fimíæfingum, jafnframt því að gera keppnisreglum og sýningarhaldi góð skil. Gangtegundin skeið verður tekin fyrir og æfingar er lúta að því að leggja hest á skeið. Lagt er upp með að nemendur geti undirbúið og sett upp sýningu með sinn hest í huga hvort sem um er að ræða íþróttakeppi eða gæðingakeppi. Einnig verður kynbótadómum gerð skil og nemendur fá nokkra þjálfun í að meta bæði byggingu og hæfileika íslenska hestsins. Þriðji áfangi fjallar líka um keppni, keppnisreglur og keppnisform, undirbúning og reið í þeim greinum sem keppt er í bæði í íþróttakeppi og gæðingakeppi. Kennt er að vori.

Kennsluefni

Í þessu námi er stuðst við drög að hestafræðum Ingimars Sveinssonar á Hvanneyri, fræðsluefni Landssambands hestamannafélaga og Reynis Aðalsteinssonar auk ýmissa fræðigreina og myndbandsefni (DVD) sem gefið hefur verið út hér á landi um tanningaaðferðir og sýningartækni.

Undirbúningskröfur

Nemendur þurfa að hafa áhuga á hestamennsku og eiga eða hafa góðan aðgang að hrossum sem henta náminu á hverjum tíma. Nemendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi nokkra þjálfun í tölvunotkun og séu m.a. kunnugir ritvinnslu- og töflureikniforritum og vanir að nota tölvupóst og vafra. Þeir nemendur sem hafa tekið grunnstig knapamerkjja geta tekið stöðupróf í upphafi annar. Sé því prófi náð getur nemandinn fengið hluta verklega námsins metinn. Viðkomandi nemandi þarf að láta óskir sínar um stöðupróf fylgja umsókn eða hafa samband strax fyrir byrjun fyrstu annar.